Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs

Kópavogi, 17. nóvember 2026
26103995/502.00 GEF

Efni: Yfirlýsing um leigu á atvinnuhúsnæði að Dalvegi 18, Kópavogi

Umhverfissvið hefur um nokkurt skeið unnið með velferðarsviði að leit að hentugu húsnæði fyrir starfsemi sem heyrir undir skrifstofu starfstöðva og sértækrar ráðgjafar. Kópavogsbær tók yfir leigusamning ríkisins að Dalvegi 18, þar sem Hæfingarstöðin er nú til húsa. Núverandi leigusamningur rennur út 1. mars 2028 og liggur því fyrir að gera þarf ráðstafanir í náinni framtíð vegna húsnæðismála starfseminnar. Jafnframt stendur Kópavogsbæ nú til boða að leigja fleiri eignarhluta í húsnæðinu að Dalvegi 18.

Líkt og framan greinir er Hæfingarstöðin starfrækt í húsnæðinu að Dalvegi 18. Starfshæfingarstöðin Örvi hefur undanfarin ár verið starfrækt í húsnæði Kópavogsbæjar að Kársnesbraut 108 og starfsemi Höfuð-Borgarinnar hefur undanfarna mánuði verið til húsa í húsnæði bæjarins að Roðasölum.

Tillagan felur í sér að sameina framangreinda starfsemi á einum stað að Dalvegi 18. Staðsetning og skipulag húsnæðisins henta starfseminni vel og skapa möguleika á frekari þróun á fjölbreyttari og bættri þjónustu. Með þessari tilhögun skapast jafnframt tækifæri til að byggja upp heildstæðari og sveigjanlegri vinnu-, hæfingar- og virkniþjónustu fyrir fatlað fólk. Þá skapast tækifæri til að nýta húsnæði bæjarins að Roðasölum fyrir skammtímadvöl og sérhæfðari þjónustu.

Nánar er fjallað um kosti tillögunnar og fyrirhugaðar breytingar á húsnæði starfstöðvanna í minnisblaði skrifstofustjóra starfsstöðva og sértækrar ráðgjafar, *Miðstöð vinnu og virkni*, dags. 3. nóvember 2026.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að bæjarráð samþykki yfirlýsingu um leigu á atvinnuhúsnæði að Dalvegi 18 og veiti heimild til að ganga frá leigusamningi um húsnæðið til 20 ára.

Hjálögð eru drög að yfirlýsingu um leigu á atvinnuhúsnæði að Dalvegi 18 ásamt minnisblaði skrifstofustjóra starfsstöðva og sértækrar ráðgjafar, *Miðstöð vinnu og virkni*, dags. 3. nóvember 2026

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir

Sviðsstjóri umhverfissviðs

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásthildur Helgadóttir

Tími: 17.11.2026 17:22
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign